

Umsagnir nemenda



„Frá unga aldri ætlaði ég mér í hjúkrun og einhvern veginn kom aldrei neitt annað en HA til greina enda var ég búin að heyra margar góðar sögur þaðan. Námið er fjölbreytt og áhugavert, það er samsett af fyrirlesturum, verkefnum, umræðutímum og verklegum tímum. Bekkimir eru fámennir sem skapar skemmtilegt og náði andrúmsloft. Strax á fyrstu dögum kynntist ég aragrúa af nýjum félögum sem hafa gert námið og félagslífið ógleymanlegt.“

Jóhanna Jónsdóttir
hjúkrunarfræðinemi

„Þegar ég valdi að fara í iðjubjálfun vissi ég í raun og veru lítið út í hvað ég var að fara. En ég sé ekki eftir þessari ákvörðun þar sem námið er mjög margbreytilegt og skemmtilegt og býður upp á fjölbreyttan starfsvettvang eftir útskrift. Ég er mjög ánægð með veru mína í háskólanum, það er góður andi hérna og félagslífið frábært. Ég mæli eindregið með námi í iðjubjálfun við Háskólann á Akureyri.“

Steinunn Fjóla Birgisdóttir
iðjubjálfunarnemi



„Háskólinn á Akureyri er ung og metnaðarfull stofnun sem býr vel að nemendum sínum. Námið mitt við heilbrigðisvísindasviðið stóð fyllilega undir þeim væntingum er ég gerði til þess og hefur myndað þann sterka grundvöll er ég hef byggt á bæði frekara nám og stórf við aldagamlar menntastofnanir erlendis. Þægileg smæð háskólaumhverfisins á Akureyri skapar nemendum ýmis tækifæri, s.s. til mun persónulegri samskipta við bæði kennara og annað starfsfólk háskólans en gengur og gerist annars staðar. Háskólinn er vel tengdur innanlands og við útlönd. Samstarf hans við erlendar stofnanir á sviði nemendaskipta gaf mér kost á því að kynna starfsemi mennta- og heilbrigðisstofnana í Svíþjóð og Grikklandi. Eftir stendur dýrmæt reynsla og þekking sem ég mun ávallt búa að.“

Dr. Snorri Björn Rafnsson
hjúkrunarfræðingur og rannsóknarsérfræðingur
í faraldsfræði við Háskólann í Edinborg

Heilbrigðisvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Sólborg, Norðurlóð 2
600 Akureyri
Sími: 460 8000

Skrifstofustjóri
heilbrigðisvísindasviðs:
Lára Garðarsdóttir,
sími 460 8036,
netfang: lara@unak.is

Forseti
heilbrigðisvísindasviðs:
Árún K. Sigurðardóttir,
netfang: arun@unak.is

Formaður
iðjubjálfunarfræðideildar:
Kristjana Fenger,
netfang: kfenger@unak.is

Formaður
hjúkrunarfræðideildar:
Hafdis Skúladóttir,
netfang: hafdis@unak.is

www.unak.is

 **Háskólinn**
á Akureyri
University
of Akureyri

 **Háskólinn**
á Akureyri
University
of Akureyri



10|11

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

HJÚKRUNARFRÆÐI (B.S.)
IÐJUPJÁLFUNARFRÆÐI (B.S.)

www.unak.is



HJÚKRUNARFRÆÐI (B.S.)

Nám í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri fer fram í hjúkrunarfræðideild. Nám til B.S.-prófs í hjúkrunarfræði tekur fjögur ár. Inntökuskilyrði er að öllu jöfnu stúdentspróf eða sambærileg menntun. Hjúkrunarfræðideild hefur markað þá stefnu að taka sjúkraliða inn í hjúkrunarfræði sem eru 25 ára eða eldri og hafa að lágmarki fimm ára starfsreynslu sem sjúkraliðar. Námið er alþjóðlega viðurkennt og veitir aðgang að framhaldsnámi á meistarastigi.

Meginmarkmið hjúkrunarfræðideildar er að mennta einstaklinga í undirstöðugreinum heilbrigðisvísinda í samræmi við þarfir samfélagsins hverju sinni.

Hjúkrunarfræðingar frá Háskólanum á Akureyri eiga að vera faglega færir um að gegna almennum hjúkrunarstörfum, svo og stjórnunar- og fræðslustörfum á flestum sviðum heilbrigðisþjónustu. Atvinnumöguleikar eru fjölbreytilegir héraendis og erlendis. Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinar og hjúkrunarfræðigreinar. Klínískt nám hefst strax á fyrsta ári, fer fram á sjúkrahöfnum víða um land og er á fjórum árum samtals 24 vikur.

Fjarnám í hjúkrunarfræði

Það er markmið deildarinnar að hverjum árgangi í staðarnámi fylgi a.m.k. einn hópur fjarnema. Skilyrði fyrir því að fjarkennsla sé sett á fót er samningur við símenntunarmiðstöð eða hliðstæða aðila á viðkomandi stað og að öllu jöfnu hefji að lágmarki 17 nemendur námið. Kennslan fer fram með notkun gagnvirkis myndfundabúnaðar og kennarar nýta einnig vefnámsumhverfi og tölvusamskipti. Gert er ráð fyrir að fjarnemar séu í fullu námi líkt og staðarnemar og að þeir komi til kennslu á Akureyri að lágmarki eina viku á hverju misseri.

Dvöl við erlendan samstarfsháskóla

Heilbrigðisvísindasvið er í samvinnu við skóla víða í Evrópu um nemendaskipti. Þar með er möguleiki fyrir áhugasama nemendur að stunda klínískt nám að hluta til við samstarfsstofnanir á öðrum Norðurlöndum því hjúkrunarfræðideildin tekur þátt í Nordplus-samstarfi við skóla í Svíþjóð, Finnlandi, Noregi og Danmörku. Nemendur á þriðja ári í hjúkrunarfræði eiga þess einnig kost að taka hluta af námi sínu við samstarfsháskóla annars staðar í Evrópu eða í Bandaríkjunum. Þeir geta sótt um að taka eitt misseri eða heilt skólaár. Til þess þarf náð samráð við formann hjúkrunarfræðideildar og velja þarf öll námskeið með samþykki skólans. Alþjóðafulltrúi HA aðstoðar nemendur við að sækja um námspláss, húsnæði og nemendastyrk.



„Ástæðan fyrir því að ég kaus að leggja stund á nám í hjúkrunarfræði er sú að mér finnst hjúkrun vera heillandi starf sem opnar fjölmargar dyr. Að námi loknu biða mín spennandi tækifæri. Háskólinn á Akureyri er góður í alla staði, fámennir bekkir eru sérlegur kostur, þeir gera það að verkum að námið verður persónulegt og góð tengsl myndast milli nemenda og kennara.“

Lára Kristín Jónsdóttir
hjúkrunarfræðinemi



IÐJUBJÁLFUNARFRÆÐI (B.S.)

Iðjubjálfunarfræði er fjögurra ára nám við heilbrigðisvísindasvið HA. Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun. Í einstaka tilvikum er veitt undanþága frá þessu og er þá meðal annars horft til aldurs umsækjanda, skólagöngu og reynslu í atvinnulífinu. Nemendur brautskrást með B.S.-gráðu í iðjubjálfunarfræði sem tryggir leyfisveitingu heilbrigðisráðuneytisins til að starfa sem iðjubjálfi. Námið er alþjóðlega viðurkennt og veitir aðgang að framhaldsnámi á meistarastigi.

Háskólinn á Akureyri er eina íslenska menntastofnunin sem býður nám í iðjubjálfunarfræði. Áherslur og námsefni eru sótt til iðjuvísinda, heilbrigðisvísinda, raunvísinda og félagsvísinda. Góð aðstaða er til verklegs náms í sérstökum verknámsstofum. Vettvangsnám er samtals 25 vikur og fer fram í fjölbreytilegu starfsumhverfi víða um land undir handleiðslu starfandi iðjubjálfa. Námið er markviss undirbúningur fyrir fjölbreytt störf sem iðjubjálfar sinna innan heilbrigðis- og félagsþjónustu, í skólakerfinu og á almennum markaði.

Meginmarkmið iðjubjálfunarfræðideildar er að miðla til nemenda þekkingu, viðhorfum og færni sem endurspeglar stöðu og þróun iðjubjálfunarfræði á hverjum tíma og stuðlar að góðri þjónustu við notendur. Lögð er áhersla á að samþætta ólíkar greinar námsins þannig að nemendur öðlist djúpan skilning á samspili iðju, manns og umhverfis.

Kennsla um allt land

Auk staðarnáms er boðið upp á fjarnám um netið með kennslulotum í HA. Með þessu móti er hægt að stunda nám í iðjubjálfunarfræðum hvar sem er á landinu. Fjarnemar koma í kennslulotur á Akureyri og sækja tíma með staðarnemum þar sem megináhersla er lögð á verklega þjálfun og umræður. Lotumar eru um það bil vikulangar, einu sinni til tvisvar á misseri.

Dvöl við erlendan samstarfsháskóla

Nemendur í iðjubjálfunarfræðum eiga þess kost að taka hluta af námi sínu við erlendar samstarfsstofnanir. Iðjubjálfunarfræðideildin tekur meðal annars þátt í Nordplus-samstarfi við stofnanir í Þrándheimi í Noregi, Stokkhólmi í Svíþjóð, Næstved í Danmörku og Helsinki í Finnlandi. Alþjóðafulltrúi aðstoðar nemendur við að sækja um námið, húsnæði og nemendastyrk.

Margvíslegir atvinnumöguleikar og fjölbreytilegt framhaldsnám

Enn er skortur á iðjubjálfum á Íslandi, bæði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnumöguleikar eru ýmsir, bæði innan og utan hefðbundinna stofnana, hjá skólum, fyrirtækjum, félagsamtökum og víðar. Margt konar framhaldsnám er í boði bæði innanlands og utan.



Uppbygging námsins - hjúkrunarfræði*

1. ár		2. ár	
Haut	Vor	Haut	Vor
Hjúkrunarfræði I	Lífefnafræði	Heilsufélagsfræði	Heilbrigðisfræðsla I
Heimspeki	Hjúkrunarfræði II	Hjúkrunarfræði III	Hjúkrunarfræði IV
Líffærafræði I	Líffærafræði II	Líkamsmat	Lyfjafræði
Vefja- og frumulíffræði	Fósturfræði	Heilsusálfræði	Meinafræði
Vöxtur og þroski	Lífedlisfræði	Sýkla-, ónámis- og veirufræði	
	Tölfræði og fræðileg vinnubrögð		
3. ár		4. ár	
Haut	Vor	Haut	Vor
Barneignir, heilbrigði kvenna og fjöl-skyldunnar	Aðferðafræði rannsóknna Heilsugæsla I	Barnahjúkrun og barna-sjúkdómfræði	Lokaverkefni Heilbrigðisfræðsla II
Geðhjúkrun og geðsjúkdómfræði	Hjúkrun fullorðinna II	Bráðahjúkrun	Málstofa í hjúkrunarfræðum
Hjúkrun fullorðinna I	Hand- og lyflækningafræði II	Heilsugæsla II	
Hand- og lyflækningafræði I	Öldrunarhjúkrun	Stjórnunarfræði	

Uppbygging námsins - iðjubjálfunarfræði*

1. ár		2. ár	
Haut	Vor	Haut	Vor
Heimspeki	Hugmyndafraeði og kenningar í iðjubjálfun	Heilsufélagsfræði	Heilbrigðisfræðsla
Inngangur að iðjubjálfun	Iðja I – leikur og tórnstundaiðja	Hreyfingafraeði	Hegðun og heilastarf
Líffærafræði I	Líffærafræði II	Iðja II – eigin umsjá	Inngangur að ihlutun
Vefja- og frumulíffræði	Lífedlisfræði	Líffærafræði III	Matsaðferðir
Vöxtur og þroski	Tölfræði og fræðileg vinnubrögð	Heilsusálfræði	Meinafræði
			Vettvangsnám I
3. ár		4. ár	
Haut	Vor	Haut	Vor
Geðheilsa	Aðferðafræði rannsóknna	Stjórnun og handleiðsla	Lokaverkefni
Iðja III – störf	Iðjubjálfun barna og unglinga	Þjónusta iðjubjálfa I – samþætting og vinnulag	Málstofa í iðjubjálfun
Tæknileg úrræði og hjálpartæki	Iðjubjálfun fullorðinna I	Þjónusta iðjubjálfa II – nýsköpun og þróun	Vettvangsnám IV
Vefræni sjúkdómar	Iðjubjálfun fullorðinna II		
Vettvangsnám II	Iðjubjálfun aldraðra		

* Birt með fyrirvara um breytingu á námskrá



„Ég var ein þeirra sem vissi ekkert hvert leiðin ætti að liggja eftir menntaskólaárin. Ég hafði þó myndað mér ákveðnar skoðanir um að ég vildi vinna með fólki, vildi að starfið væri fjölbreytt og byði upp á marga möguleika. Ég komst að því að iðjubjálfun býður einmitt upp á alla þessa þætti og að starfsvettvangur iðjubjálfa er breiður og því næstum óhugsandi að brenna út í starfi. Námið sem slíkt er fjölbreytt og spennandi en um leið krefjandi. Vettvangsnám er mikilvægur námsþáttur og strax á fyrsta ári fara nemendur í heim-sóknir á staði þar sem iðjubjálfar starfa. Þær heimsóknir veita mikilvæga innsýn strax frá upphafi náms í það frábæra starf sem unnið er á akrinum.“

Ásta Margrét Rögnvaldsdóttir
iðjubjálfunarnemi